

Fundargerð aukaaðalfundar Sorpstöðvar Suðurlands bs. haldinn 22. mars 2010, kl. 13:00 á Hótel Selfossi

Mætt: Gunnar Örn Marteinnsson Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Þorgils Torfi Jónsson Sorpstöð Rangárvallasýslu, Jón G. Valgeirsson Grímsnes og Grafningshreppi, Margeir Ingólfsson Bláskógabyggð, Valtýr Valtýsson Bláskógabyggð, Örn Þórðarson Sorpstöð Suðurlands, Margrét Sigurðardóttir Flóahreppi, Aldís Hafsteinsdóttir Hveragerði, Ólafur Áki Ragnarsson Sveitarfélaginu Ölfusi, Ragnheiður Hergeirsdóttir Sorpstöð Suðurlands, Helgi Haraldsson Sveitarfélaginu Árborg og Guðmundur Tryggvi Ólafsson Sorpstöð Suðurlands.

Stjórnarformaður Örn Þórðarson setti fund kl 13:00. Að tillögu hans var Óskar Sigurðsson hrl. skipaður fundarstjóri Þorvarður Hjaltason framkvæmdastjóri SASS skipaður fundarritari. Var síðan gengið til dagskrár.

Fundarstjóri kannaði lögmæti fundarins og úrskurðaði að hann væri lögmætur. Hann leitaði afbrigða um að bæta við dagskrárlið um undirbúning að nýjum urðunarstað fyrir sorpstöðina. Afbrigðin samþykkt.

Dagskrá:

1. Tillaga um umhleðslu- og flokkunarstöð.

Efirfarandi tillaga sem send hafði verið með fundarboði lá fyrir fundinum:

„ Aðildarsveitarfélög Sorpstöðvar Suðurlands bs. samþykkja að Sorpstöð Suðurlands bs. komi upp umhleðslustöð ásamt því að kaupa eða leigja tilskyldan búnað til rekstur slíkrar stöðvar samanber tillögur sem kynntar voru aðildarsveitarfélagunum 4. febrúar 2010. Ein samræmd gjaldskrá mun gilda fyrir öll aðildarsveitarfélög SOS, sem skila úrgangi í umhleðslustöðina. Jafnframt upplýsa aðildarsveitarfélögin um hvort þau ætli að skila þeim úrgangi og endurvinnanlegum efnum sem þau hafa umráð yfir inn í umhleðslu- og flokkunarstöðina. „

Tillagan borin upp og samþykkt með 7 atkvæðum. Margrét Sigurðardóttir fulltrúi Flóahrepps greiddi atkvæði á móti.

2. Undirbúningur að nýjum urðunarstað.

Örn Þórðarson gerði grein fyrir stöðu mála. Hann skýrði frá því að bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss hafi hafnað því að komið verði á fót urðunarstað á Nessandi í landi sveitarfélagsins en sé reiðubúið til viðræðna um stað fyrir heildstæða lausn í úrgangsmálum. Hann velti fyrir sér hvort rétt væri að að útvíkka heimild til stjórnar til viðræðna um stað fyrir fjölþættari starfsemi.

Margrét, Jón, Aldís, Þorgils Torfi, Margeir, Ólafur Áki, Margeir, Gunnar Örn, Örn, Ragnheiður, Helgi, Guðmundur Tryggvi, Valtýr ræddu stöðuna og þá kosti sem hugsanlega koma til greina.

Samþykkt að fela fundarstjóra og fundarritara að ganga frá fundargerð.

Fundi slitið kl. 14.35

Þorvarður Hjaltason